



FÉLAG  
SJÚKRAHÚSLÆKNA

**Aðalfundur FSL**  
**27. maí 2021**

### **Ályktun um mönnun, álag og öryggi á heilbrigðisstofnunum**

Aðalfundur Félags sjúkrahúslækna haldinn í Kópavogi 27. maí 2021 hvetur stjórnvöld og heilbrigðisstofnanir til þess að tryggja að mönnun lækna sé fullnægjandi svo starfsálag sé ásættanlegt. Starfsumhverfi lækna þarf að styðja við fagleg vinnubrögð þannig að öryggi sjúklinga sé ávallt í öndvegi.

Óviðunandi álag á vinnustað getur haft neikvæð áhrif á heilsu starfsmanna og leitt til skertrar starfsgetu.

Til að tryggja öryggi á vinnustað er einnig mikilvægt að tryggja eðlilegt framboð sjúkrarúma og þar með lækka meðalnýtingu þeirra til samræmis við þær þjóðir sem við berum okkur saman við.